

Staðall	Heiti	Lýsing	Umfjöllun	2017	2018	2019
IPSAS 1	Framsetning reikningsskila	Staðallinn fjallar um hvernig haga skuli framsetningu reikningsskila sem gerð eru á rekstrargrunni og setur fram viðmiðunarreglur um uppbyggingu og lágmarkskröfur um innihald.	Reikningsskil ríkissjóðs eru á rekstrargrunni og framsetning þeirra uppfyllir lágmarkskröfur um innihald, þ.m.t. efnahagsreikning, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, sjóðsstreymi og skýringar. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 2	Sjóðsstreymi	Staðallinn fjallar um birtingu upplýsinga um breytingar á handbæru fé og ígildi þess hjá fyrirtækinu á liðnum tíma með því að leggja fram yfirlit um sjóðsstreymi þar sem sjóðsstreymi á tilteknu tímabili er flokkað eftir rekstrar-, fjárfestinga- og fjármögnunarefningum.	Í reikningsskilum ríkissjóðs er sjóðsstreymi sett fram samkvæmt beinni aðferð, með þeirri sundurgreiningu sem staðallinn segir til um. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 3	Reikningsskilaaðferðir, breytingar matsaðferða og villur	Staðallinn fjallar um skilyrðum þess að velja og breyta reikningsskilaaðferðum ásamt því að fjalla um bókhaldsmeðferð við breytingar í aðferðum, breytingar á mati og leiðréttingar á skekkjum.	Reikningsskilaaðferðir eru skilgreindar í lögum um opinber fjármál og er þar jafnframt fjallað um heimildir reikningsskilaráðs ríkisins til að samþykkja frestanir á ákveðnum stöðlum. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 4	Áhrif gengisbreytinga	Staðallinn fjallar um með hvaða hætti á að meðhöndla viðskipti í erlendri mynt og erlenda starfsemi.	Uppgjörsmýnt er íslensk króna og verða allar erlendar eignir, skuldir, tekjur og gjöld færðar yfir í þá mynt miðað við kröfur staðalsins. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 5	Lántökukostnaður	Staðallinn fjallar um með hvaða hætti á að meðhöndla lántökukostnað í bókhaldinu	Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 6	Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil	Staðall aflagður á móti 34-38	Á ekki við			
IPSAS 7	Investments in Associates	Staðall aflagður á móti 34-38	Á ekki við			
IPSAS 8	Interests in Joint Ventures	Staðall aflagður á móti 34-38	Á ekki við			
IPSAS 9	Tekjur af viðskiptum	Staðallinn fjallar um bókhaldslega meðhöndlun á tekjum vegna viðskipta, meðal annars með vöru og þjónstu.	Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 10	Reikningsskil í hagkerfum með óðaverðbólgu	Staðallinn fjallar um reikningsskil í hagkerfum með óðaverðbólgu	Á ekki við			
IPSAS 11	Framkvæmdasamningar (construction contracts)	Staðallinn fjallar um bókhaldsmeðferð á tekjum og gjöldum sem tengjast framkvæmdasamningum í ársreikningum framkvæmdaaðila.	Ríkissjóður er að öllu jöfnu ekki framkvæmdaaðiliinn fyrir 3ja aðila heldur frekar verkkaupi. Að öllum líkindum á staðallinn ekki við en ef svo er verður full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma eða staðfest að hann eigi ekki við.			x
IPSAS 12	Birgðir	Staðallinn fjallar um meðhöndlun birgða, þar með talið ákvörðun kostnaðar og útgjalda, niðurfærslu og fleira slíkt. Þar koma jafnframt fram leiðbeiningar á kostnaðarformúlum sem notaðar eru til að ákvarða kostnað við birgðir.	Birgðir eru færðar hjá nokkrum ríkisstofnunum og eru þær færðar á gangvirði. Vinna þarf frekari greiningu á birgðum og meðhöndlun þeirra og er því gert ráð fyrir innleiðingu á innleiðingartíma. Samkvæmt IPSAS 33 er heimilt að fresta áhrifum þessa staðals í allt að 3 ár og verður sá tími nýttur til fullrar innleiðingar.			x
IPSAS 13	Leigusamningar	Staðallinn fjallar um bókhaldsaðferðir og mati í tengslum við fjárhags- og rekstrarleigusamninga, bæði í tilfelli leigutaka og leigusala	Vinna þarf greiningu á þessum þáttum og því er gert ráð fyrir innleiðingu á innleiðingartíma. Þessistaðall er í endurskoðun hjá IPSASB og er áætlað að endurskoðaður staðall verði tilbúinn til samþykktar á árinu 2019. Að öðru leyti er vísað til frestunarmeildila samkvæmt gr. 46-47 í IPSAS 33.			x
IPSAS 14	Atburðir eftir lok reikningsskiladags	Staðallinn fjallar um það með hvaða hætti einingar eigi að greina frá atburðum eftir reikningsskiladag.	Gert er ráð fyrir að upplýsingar um þessa atburði og innleiðing á þessum staðli komi inn yfir innleiðingartíma og verði að fullu innleiddur í ríkisreikningi vegna ársins 2019. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 15	Financial Instruments: Disclosure and Presentation superseded by IPSAS 28 and IPSAS 30	Aflagður í stað IPSAS 28 og 30	Á ekki við			
IPSAS 16	Fjárfestingaeygnir	Staðallinn fjallar um meðhöndlun á fjárfestingareignum sem skilgreint er sem fasteign sem eigandi eða leigutaki hefur umráð yfir til öflunar leigutekna eða til verðmætaaukningar.	Ekki er gert ráð fyrir að margar eignir ríkisins falli þarna undir, enda flokkast eignir ekki þarna undir sem nýttar eru af eiganda (ríkissjóði) og því eru óveruleg áhrif af þessum staðli. Yfirferð á innleiðingartíma mun staðfesta það mat en að öðrum kosti verður staðallinn innleiddur að fullu á innleiðingartíma.			x
IPSAS 17	Varanlegir rekstrarfjármunir	Staðallinn fjallar um meðhöndlun á varanlegum rekstrarfjármunum sem eru þær eignir sem nýttast í rekstrinum og yfir lengri tíma en eitt reikningsskilatímabil (ár). Þá er jafnframt miðað við að hægt sé að meta kostnaðarverð með áreiðanlegum hætti.	Í þessum fyrstu reikningsskilum eru færðar inn helstu eignarflokkar annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða metnu kostnaðarverði (e. deemed cost). Fjallað betur um matið í skýringum um hvern eignaflokk. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en eftir er að færa inn ákveðna eignaflokka og því verður frestunarmeildil í IPSAS 33 nýtt til að innleiða þennan staðal að fullu á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 18	Starfsþáttayfirlit	Staðallinn fjallar um kröfur um sundurliðun eftir einingum eða starfsþáttum til að varpa betra ljósi á árangur einingarinnar og draga fram þau aðföng sem fara í stærri þætti í rekstri einingarinnar.	Yfirlit yfir málefnasvið er sett fram hér til að uppfylla kröfur um starfsþáttayfirlit. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma	x	x	x
IPSAS 19	Varúðarfærslur, óvissar skuldir og óvissar eignir	Staðallinn fjallar um viðmið og mörk á varúðarfærslum, mat á óvissum skuldum og eignum og upplýsingagjöf í skýringum. Staðallinn miðar því að því að aðeins raunverulegar skuldbindingar séu færðar í ársreikning.	Gert er ráð fyrir að nýta þurfi innleiðingartíma meta þá þætti sem staðallinn nær yfir áður en hægt er að segja til um hvort staðallinn sé uppfylltur. Frestunarmeildir í greinum 48-50 í IPSAS 33 eru því nýttar hér og innleiðingu frestað til 2019.			x
IPSAS 20	Ákvæði um tengda aðila	Staðallinn fjallar um skilgreiningar á tengdum aðilum og innbyrðisviðskipti milli þeirra og rekstrarreiningar. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að meta fjárhagsstöðu og árangur.	Á meðan unnið er að greiningu, skilgreiningum og upplýsingum um tengda aðila verður ekki hægt að innleiða ákvæði staðalsins. Frestunarmeildir í greinum 51-52 í IPSAS 33 eru því nýttar hér og innleiðingu frestað til 2019			x

IPSAS 21	Virðisrýrnun á eignum sem ekki gefa af sér sjóðsstreymi	Staðallinn fjallar um það hvernig meðhöndla eigi virðisrýrnun á eignum sem ekki gefa af sér sjóðsstreymi. Dæmi um slíkar eignir eru vegir og brýr. Gefnar eru upp nokkrar aðferðir til að nálgast núvirði þjónustu eigna og skal velja eina þeirra. Afskriftaraðferð, miðað við kostnað við endurnýjun, endurnýjunarkostnaðaraðferð eða þjónustueiningaaðferð.	Í reikningsskilum ríkissjóðs er þessi staðall innleiddur með fyrirvara um þau áhrif sem frestun annarra þátta hefur. Vegakerfið er til dæmis fært inn og er þar beitt afskriftaraðferð, þ.e. miðað var við áætlaðan kostnað á endurnýjun og líftíma og afskrifað árlega. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 22	Upplýsingagjöf um fjárhagsupplýsingar ríkissjóð í heild.	Staðallinn fjallar um upplýsingakröfu fyrir ríkisstjórn sem velur að birta upplýsingar um ríkissjóð í heild í samstæðureikningsskilum. Birting viðeigandi upplýsinga um ríkissjóð í heild getur aukið skilning á samhengi milli markaðstengdra og ómarkaðstengdrar starfsemi ríkisins og milli ársreikninga og tölfraði sem byggja á fjárhagsskýrslum.	Nýta þarf innleiðingartíma til að fara vel yfir með hvaða hætti upplýsingar um heildarstarfsemi ríkisins eru birtar í dag og hvort og þá hvernig þær eigi erindi í reikningsskil.			x
IPSAS 23	Tekjur sem ekki fela í sér neitt endurgjald (skattar og tilfærslur)	Staðallinn fjallar um kröfur um upplýsingagjöf um tekjur sem fela ekki í sér beint endurgjald svo sem skatta og tilfærslur.	Reikningsskil ársins taka mið af þessum staðli varðandi framsetningu á upplýsingum um tekjur af sköttum, tryggingagjöldum og öðrum ríkistekjum. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 24	Birting á áætlanatölum í ársreikningum.	Staðallinn fjallar um það með hvaða hætti á birta áætlanir í ársreikningum, séu þær til staðar. Þar kemur til dæmis fram að bera á bæði saman við upprunalega rekstraráætlun og loka rekstraráætlun. Jafnframt að skýra út verulega mismuni á opinberu rekstraráætluninni og rauntölum. Er munurinn vegna endurflokkunar eða af öðrum ástæðum. Ef rauntölur eru á rekstrargrunni en áætlun á greiðslugrunni þarf að sýna afstemmingu þar á milli.	Áætlanir í formi fjárlaga og fjárukaalaga eru ekki birtar á sama grunni og reikningsskil og er því ekki í fjárlögum birtur rekstrarreikningur og efnahagsreikningur á IPSAS grunni og aðrar áætlanir ekki gefnar út. Því er ekki hægt að segja að áætlanir liggja fyrir og því ekki birtar. Ef það breytist síðar verður unnið eftir þessum staðli. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 25	Starfsmannakostnaður	Staðallinn fjallar um bókhaldslega meðferð og birtingu á starfsmannatengdum greiðslum, þar með talið skammtímaáþata (laun og slikt), lífeyrisskuldbindingum, tryggingum, sjúkratengda þætti, uppsagnarákvæði, árangurstengdar greiðslur. Nýr staðall, IPSAS 39, tekur við af þessum staðli 1.janúar 2018	Laun og tengdar greiðslur eru að mestu meðhöndlaðar í samræmi við staðalinn. Varðandi upplýsingagjöf og meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga er nauðsynlegt að nýta innleiðingartíma til að uppfylla skilyrði staðalsins að fullu. Frestunarheimildir 36. greinar IPSAS 33 eru því nýttar til að fresta áhrifum staðalsins á meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga og mögulega aðra þætti til 2019.			x
IPSAS 26	Virðisrýrnun á eignum sem gefa af sér sjóðsstreymi	Staðallinn fjallar um skilyrði þess hvaða aðferðum einingin beitir til að afskrifa/rýra eignir sem eru að skila tekjum.	Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 27	Landbúnaður	Staðallinn fjallar um bókhaldsmeðferð og upplýsingagjöf um landbúnaðartengda starfsemi.	Gert er ráð fyrir að nýta þurfi innleiðingartíma til að innleiða þennan staðal að fullu en áhrifin eru metin óverulegt í tilfelli íslenska ríkisins. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru því nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til 2019			x
IPSAS 28	Fjármálagerningar - framsetning	Staðallinn fjallar um reglur fyrir flokkun og birtingu fjármálagerninga sem skuldir eða nettó eignir/eigið fé.	Nýta þarf innleiðingartíma til að fara yfir með hvaða hætti upplýsingar verða birtar. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019			x
IPSAS 29	Fjármálagerningar: Viðurkenning og mat	Staðallinn fjallar um framsetningu og reglur um viðurkenningu og mat á fjárhagslegum eignum og skuldum	Nýta þarf innleiðingartíma til að fara yfir með hvaða hætti upplýsingar verða birtar. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019			x
IPSAS 30	Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf	Staðallinn fjallar um með hvaða hætti á að upplýsa um fjármálagerninga í ársreikningi.	Nýta þarf innleiðingartíma til að fara yfir með hvaða hætti upplýsingar verða birtar. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019			x
IPSAS 31	Óefnislegar eignir	Staðallinn fjallar um bókhaldslega meðhöndlun óefnislegra eigna sem ekki er fjallað sérstaklega um í öðrum stöðlum.	Óefnislegar eignir eru færðar í efnahag frá 1. janúar 2017. Töluverð vinna liggur þó í því að ákvarða og setja fram reglur sem gildi um eignfærslur og samræma þær efnisatriðum staðalsins. Nýta þarf innleiðingartíma til að klára þessa vinnu og verður full innleiðing staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 32	Þjónustusamningar - veitandi þjónustu	Staðallinn fjallar um bókhald þjónustusamninga út frá veitanda þjónustu.	Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019			x
IPSAS 33	First-time Adoption of Accrual Basis IPSASs	Staðallinn fjallar um innleiðingu IPSAS og undirbúning og framsetningu á ársreikningi. Í honum er að finna ýmsar heimildir sem nýttar eru til að ráða við þessa miklu umbreytingu.	Unnið er samkvæmt þessum staðli við innleiðinguna. Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma.	x	x	x
IPSAS 34	Aðskilin reikningsskil	Staðallinn fjallar um með hvaða hætti á að gera grein fyrir fjárfestingum í einingum sem eru undir stjórn reikningsskilaeiningar, samstarfsverkefnum og öðrum eigendum í aðskildum ársreikningum.	Fara þarf vel yfir möguleg áhrif af þessum staðli og eru frestunarheimildir IPSAS 33 nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019.			x
IPSAS 35	Samstæðureikningar	Staðallinn fjallar um kröfu við gerð samstæðureikningsskila fyrir einingu með reikningsskil á rekstrargrunni. Talað er um að yfirráð séu til staðar þegar fjárfestir hefur vald yfir rekstrar- og fjárhagslegri stjórn. Þar er fjallað um að færa eigi út viðskipti milli eininga innan samstæðu, bæði rekstrarfærslur og efnahagsfærslur.	Ríkissjóður fyrir A-hluta er í þessari umferð gerður upp sem samstæða en ekki eru lögð fram samstæðureikningsskil fyrir ríkissjóð í heild sinni. Ekki er gert ráð fyrir fullri eyðingu innbyrðisfærslna fyrr en í lok innleiðingartíma eins og staðallinn gerir ráð fyrir. Í þessu uppgjöri er eytt út viðskiptum innanstofnana, milli stofnana og milli ríkissjóðs og stofnana en ekki skatttekjuhlutanum svo sem VSK og tryggingagjaldi. Frestunarheimildir í IPSAS 33 eru nýttar til að fresta fullri innleiðingu á þessum staðli til 2019.			x
IPSAS 36	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og sameiginlegum verkefnum	Staðallinn fjallar um bókhaldslega meðferð á fjárfestingu í hlutdeildarfélögum og samstarfsverkefnum og setur skilyrði fyrir beitingu hlutdeildaraðferðar.	Efnisatriði staðalsins eru að mestu innleidd en full innleiðing verður staðfest á innleiðingartíma	x	x	x

IPSAS 37	Samrekstur (joint arrangement)	Staðallinn fjallar um möguleika þess að beita hlutfallslegri samstæðuaðferð í bókhald fyrir samstarfsverkefni sem eru færð út.	Upplýsingar sem tengjast þessu þarf að vinna betur og ljóst að innleiðingartíma þarf að nýta til að greina möguleg áhrif hans á reikningskil ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir óverulegum áhrifum. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta fullri innleiðingu á þessum staðli til 2019			x
IPSAS 38	Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum	Staðallinn fjallar um upplýsingagjöf varðandi eðli og áhættu varðandi þátttöku í öðrum rekstri sem ekki er hluti af samstæðu.	Upplýsingar sem tengjast þessu þarf að vinna betur og ljóst að innleiðingartíma þarf að nýta til að greina möguleg áhrif hans á reikningskil ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum.			x
IPSAS 39	Starfsmannakostnaður	Staðallinn fjallar um kröfur um bókhaldslega meðferð og birtingu á starfsmannatengdum greiðslum, þar með talið skammtímaáþata (laun og slikt), lífeyrisskuldbindingum, tryggingum, sjúkratengda þætti, uppsagnarákvæði, árangurstengdar greiðslur. Tekur við af IPSAS 25 og tók gildi 1.janúar 2018.	Laun og tengdar greiðslur eru að mestu meðhöndlaðar í samræmi við staðalinn. Varðandi upplýsingagjöf og meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga er nauðsynlegt að nýta innleiðingartíma til að uppfylla skilyrði staðalsins að fullu. Frestunarheimildir 36. greinar IPSAS 33 eru því nýttar til að fresta áhrifum staðalsins á meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga og mögulega aðra þætti til 2019.			x
IPSAS 40	Samsetning opinbera geirans	Staðallinn fjallar um flokkun, viðurkenningu og mat á samsetningu opinbera geirans.	Upplýsingar sem tengjast þessu þarf að vinna betur og ljóst að innleiðingartíma þarf að nýta til að greina möguleg áhrif hans á reikningskil ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir óverulegum áhrifum.			x
IPSAS 41	Fjármálagerningar	Staðallinn fjallar um viðurkenningu og mat á fjárhagsgerningum, þar með talið rýrnun, afskráningu og áhættureikningskil.	Nýta þarf innleiðingartíma til að fara yfir með hvaða hætti upplýsingar verða birtar. Frestunarheimildir IPSAS 33 eru nýttar til að fresta áhrifum staðalsins til ársins 2019			x